



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 -10

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/501
komudagur 14.11.2012

150 Reykjavík

14. nóvember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, með síðari breytingum, 3. mál.

Samtök atvinnulífsins fagna frumvarpi þessu og telja að breytingar sem felast í fjórum fyrstu greinum þess vera til bóta. Nauðsynlegt er að tiltekið verði í rammaáætlun hvaða upplýsingar vanti til að ljúka flokkun ákveðins virkjanakosts og jafnframt að heimilt verði að stunda nauðsynlegar rannsóknir. Ákvæði frumvarpsins um óflokkaða virkjanakosti er einnig mikilvægt og um rannsóknir tengdar þessum kostum.

Samtökin telja ákvæði laganna um að þingsályktun sem lögð er fyrir Alþingi skuli kynnt almenningi ákaflega mikilvægt og að það sé Alþingis að taka ákvörðun um einstaka kosti í ljósi niðurstöðu verkefnisstjórnar um rammaáætlun og þeirra athugasemda sem borist hafa í opnu og skilgreindu umsagnarferli.

Samtökin hafa áður látið í ljós þá skoðun að sú tillaga að þingsályktun sem nú liggur fyrir Alþingi geti ekki öðlast þá stöðu sem henni er ætlað skv. lögum nr. 48/2011 vegna þess að hún hefur ekki hlotið þá meðferð sem ætlað er skv. lögnum. Samtökin telja því að tillaga sem samþykkt yrði af verkefnisstjórn skv. 6. gr. frumvarpsins yrði að fá þá meðferð sem áskilið er samkvæmt núgildandi lögum.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson,
framkvæmdastjóri